

Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2005

Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir

Skagafirði 2005

VMST-N/0502



Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími: 580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Rafveitt var í Vatnsdalsá og hliðarám hennar í byrjun september 2005. Rafveiðarnar eru liður rannsóknum á seiðastofnum ána og hafa farið fram á vatnasvæðinu á hverju sumri síðan 1984. Markmið þessara rannsókna er að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika, útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánni og geta borið þessa þætti saman milli ára. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna á vatnasvæði Vatnsdalsár.

Rafveitt var á sömu athugunarstöðum og síðastliðin ár, sjö stöðum í Vatnsdalsá, þremur í Álku, tveimur í Hólkotskvísl og einum stað í Vaglakvísl, Tunguá og Kornsó. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 120 – 600 m². Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein yfirferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki var reiknaður út frá fjölda seiða í hverjum árgangi á hverjum stað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100\text{m}^2$ (tölur 1-3).

Meðallengd og þyngd seiða allra tegundanna var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum athugunarstað (tölur 4 – 12). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga á hverjum athugunarstað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100\text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100\text{m}^2$ (tölur 13-15).

Heildarþéttleiki seiðaárganga allra fisktegundanna í ánum var tekinn saman fyrir árin 2001-2005 (tölur 16-21). Til samanburðar voru tvær mismunandi aðferðir

notaðar við útreikningana. Aðferð A: allar stöðvar vega jafnt óháð stærð þeirra, þar er þéttleiki seiða reiknaður á hverri stöð fyrir sig og meðaltal tekið af þéttleika stöðvanna (töflur 16-18). Aðferð B: stærð rafveiðistaða hefur áhrif á hlutdeild einstakra rafveiðistaða af heild ($= (\text{heildarfföldi seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$) (töflur 19-21).

Gögn um meðallengd allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsárkerfinu árin 2001 – 2005 voru einnig tekin saman (töflur 22-24). Ekki var byrjað að vigta öll seiði sem veiðast í vatnakerfinu fyrr en haustið 2002 svo aðeins var unnt að taka saman meðalþyngd, ástandsstuðla og lífþyngd seiðanna árin 2002-2005 (töflur 25-33).

Niðurstöður rafveiða

Vatnsdalsá

Efsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá er nokkru neðan Dalsfoss (staður 1, mynd 1). Fjórir árgangar laxaseiða veiddust þar haustið 2005, vorgömul, eins árs, tveggja og þriggja ára, þéttleiki þeirra var töluverður en mest var af eins árs seiðunum (tafla 1, mynd 2a). Í rafveiðunum 2003 veiddust aðeins fjögurra ára laxaseiði á þessum stað en eins- og tveggja ára haustið 2004 (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Þormóður Heimisson, VMST-N/0314; Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0409). Bleikjuseiði veiddust einnig á stöð 1 og voru þau vorgömul og tveggja ára (tafla 2, mynd 8). Engin urriðaseiði sást (tafla 3).

Ofan Stekkjarfoss er annar rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá (mynd 1) og veiddust þar einnig fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára (tafla 1, mynd 2a). Mest var af eins árs seiðum, en einnig nokkuð af vorgömlum og tveggja ára. Mjög mikið veiddist á þessum stað sumarið 2004 af vorgömlum og eins árs seiðum (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0409). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði á stað 2 árið 2005.

Neðan Forsæludals var einnig veitt að venju (staður 3, mynd 1) og reyndist vera mikið af bæði eins- og tveggja ára laxaseiðum þar en minna af vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Vart varð við eins árs bleikjuseiði í rafveiðunum 2005 en

þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 2, mynd 8). Fjórir árgangar urriðaseiða veiddust eins og síðustu ár, vorgömul til þriggja ára seiði (tafla 3, mynd 11).

Rafveiðistaður 5 er rétt ofan ármóta Vatnsdalsár við Álku (mynd 1), þar fundust nú aðeins eins- og tveggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a) og var þéttleiki þeirra árganga svipaður og árið áður en þá veiddist einnig vottur af vorgömlum og þriggja ára seiðum. Að auki fundust á þessari stöð vorgömul og tveggja ára urriðaseiði (tafla 3, mynd 11).

Rafveitt var við ármótin við Gilá (stöð 7, mynd 1) og var þar töluvert um eins árs laxaseiði auk þess sem tveggja- og þriggja ára seiði sáust (tafla 1, mynd 2a). Mikið var af vorgömlum bleikjuseiðum og eitthvað af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 8) auk þess sem vorgömul urriðaseiði fundust á þessum stað (tafla 3, mynd 11).

Á móts við Hof (staður 8, mynd 1) veiddust aðeins vorgömul laxa-, bleikju- og urriðaseiði haustið 2005 og var þéttleiki þeirra ekki mikill (töflur 1-3 og myndir 2b, 8 og 11).

Rétt neðan Skriðuvaðs er neðsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá (staður 9, mynd 1), þar var mjög mikill þéttleiki vorgamalla laxaseiða en minna af eins- til þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Ekki varð vart við bleikju- og urriðaseiði á þessari stöð haustið 2005 (töflur 2 og 3).

Álka

Ofan Einvígisfoss í Álku (stöð B, mynd 1) veiddist ekkert seiði í rafveiðunum 2005 (töflur 1-3).

Á rafveiðistaðnum sem er neðst í Álkugilinu (staður 2, mynd 1) veiddust hinsvegar fjórir árgangar laxaseiða, töluvert var af eins- og tveggja ára seiðum en minna af vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3).

Neðsti staðurinn sem veitt er á í Álku er neðan brúar (staður 3, mynd 1). Þar veiddist mikið af eins árs laxaseiðum en einnig voru þar vorgömul, tveggja- og þriggja ára

seiði (tafla 1, mynd 3). Þar fundust að auki eins- og tveggja ára bleikjuseiði en þéttleiki þeirra var lítill (tafla 2, mynd 9).

Hólkotskvísl

Engin seiði veiddust á efsta rafveiðistað í Hólkotskvísl haustið 2005 (staður 3, mynd 1) frekar en 2004, en 2003 veiddust þar nokkur eldisseiði (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Þormóður Heimisson, VMST-N/0314).

Rétt ofan ármóta Hólkotskvíslar og Vaglakvíslar var einnig veitt (stöð 5, mynd 1) og fundust þar eins-, tveggja- og fjögurra ára laxaseiði en þéttleiki þeirra var mjög lítill (tafla 1, mynd 4). Í rafveiðum 2003 og 2004 veiddust hinsvegar á þessari stöð vorgömul seiði í töluverðum þéttleika (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Þormóður Heimisson, VMST-N/0314; Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0409). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Vaglakvísl

Í Vaglakvísl (stöð 3, mynd 1) veiddist töluvert af eins-, tveggja- og þriggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 5). Einnig var mikið af vorgömlum urriðaseiðum í Vaglakvíslinni, nokkuð af tveggja ára seiðum auk þess sem vart varð við eins árs urriðaseiði (tafla 3, mynd 12).

Tunguá

Fjórir árgangar laxaseiða veiddust í Tunguá 2005 (tafla 1, mynd 6), nokkuð mikið var af bæði vorgömlum og eins árs seiðum en einnig voru þar tveggja- og þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 6). Urriðaseiðin sem veiddust voru vorgömul til tveggja ára og var mest af þeim vorgömlu (tafla 3, mynd 13).

Kornsá

Í Kornsá veiddust þrír árgangar laxaseiða, vorgömul, eins- og tveggja ára. Mest var af þeim eins árs en minnst af tveggja ára (tafla 1, mynd 7). Vart varð vorgamalla bleikjuseiða (tafla 2, mynd 10). Töluvert fannst af vorgömlum urriðaseiðum en einnig voru þarna eins- og tveggja ára urriðaseiði (tafla 3, mynd 14).

Stærð, vöxtur og magn seiða

Laxaseiðin í Vatnsdalsá og hliðarám hennar eru nokkuð misstór eins og gengur og gerist en erfitt er að bera seiðin saman milli stöðva þar sem þéttleiki þeirra er lítill vegna þessa breytileika. Almennt virðast þó seiðin í Álku og á efstu stöðinni í Vatnsdalsá dafna einna best og eru þau með lengstu seiðunum sem veiddust 2005 (tafla 4). Seiðin á neðsta staðnum í Vatnsdalsá, við Skriðuvaðið (stöð 9), eru líka nokkuð stór þrátt fyrir gríðarlegan þéttleika vorgamalla seiða þar (töflur 1 og 4). Það sama má segja um ástandsstuðlana, þeir eru einna hæstir hjá laxaseiðum á efsta og neðsta stað í Vatnsdalsá og í Álku (tafla 6). Ástandsstuðlar laxaseiðana eru í nánast öllum tilfellum töluvert yfir 1 (tafla 4) sem þýðir að ástand seiðanna er nokkuð gott, almennt viðmið þessa stuðuls fyrir laxaseiði er 1 þó það sé nokkuð breytilegt milli vatnsfalla.

Þegar borin eru saman gögn fyrir árin 2001 – 2005 sést að laxaseiðin sem veiddust 2005 eru í meðallagi stór miðað við fyrri ár, sérstaklega á þetta við vorgömlu og eins árs seiðin en tveggja- og þriggja ára seiði eru nokkuð fyrir ofan meðallag (tafla 22a og b). Ástandsstuðlar seiðanna eru breytilegir milli ára eins og lengd og þyngd þeirra, árið 2005 var ástand seiðanna í meðallagi miðað við síðustu ár eða rétt undir því (tafla 28), aðstæður fyrir seiði hafa verið óvenjugóðar síðustu ár og þó ástandsstuðlar þeirra lækki örlítið er það ekkert til að hafa áhyggjur af.

Bleikju- og urriðaseiði sem veiddust voru það fá úr hverjum árgangi á hverri stöð að lítið er hægt að segja um hvort seiði séu vænni á einni stöð en annarri (töflur 7-12). Hinsvegar er auðveldara að bera saman stærð og ástand seiðanna milli ára þar sem allar stöðvar hvern ár eru teknar saman (töflur 23-30). Bleikju- og urriðaseiðin eru nokkuð minni 2005 en 2004 en mjög svipuð og árin þrjú þar á undan og ástand þeirra hefur verið mjög svipað undanfarin ár (töflur 29 og 30).

Lífþyngd hefur verið reiknuð fyrir hvern árgang á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám frá árinu 2002 þegar byrjað var að vigta þau seiði sem veiddust. Lífþyngd byggist á þéttleika seiða og þyngd þeirra og því vega eldri og stærri seiði meira við slíka útreikninga. Lífþyngd laxaseiða var mest á efsta stað í Vatnsdalsá, á stöð 3 í Álku og í Vaglakvísl, en á öllum þessum stöðum var töluvert af tveggja- og þriggja ára laxaseiðum (tafla 13). Lífþyngd vorgamalla seiða var mest á neðsta stað í

Vatnsdalsá, sem er við Skriðuvað, næstmest var lífþyngd þeirra í Tunguá (tafla 13). Þegar borin er saman lífþyngd laxaseiða í vatnakerfinu í heild milli ára sést að lífþyngdin 2005 er mjög svipuð og 2004 og nokkru meiri en árin þar á undan. Lífþyngd jókst í Vatnsdalsá, Vaglakvísl, Tunguá og Kornsa en minnkaði nokkuð í Hólkotskvísl (væri svipuð ef seiði af eldisuppruna væru ekki tekin með 2004) og Álku (tafla 31).

Lífþyngd bleikjuseiða var mest í Álku neðan brúar og á efsta stað í Vatnsdalsá (tafla 14). Á heildina litið var lífþyngd bleikju nokkuð minni en undanfarin ár. Lífþyngd jókst þó í Álku miðað við árin 2002-2004 (tafla 32). Mest var lífþyngd urriðaseiða í Vaglakvísl þar sem mikið var af vorgömlum seiðum en tveggja ára seiðin vega þar þó mest. Einnig var töluverð lífþyngd urriða neðan Forsæludals (stöð 3 í Vatnsdalsá) þar sem eldri seiðin vógu mest (tafla 15). Við samanburð á lífþyngd urriðaseiða milli ára sést að hún hefur minnkað nokkuð miðað við árin 2003-2004 (tafla 33).

Umræða

Umræður um niðurstöður rafveiða

Vatnsdalsá

Ástand seiðastofna í Vatnsdalsá hefur verið einstaklega gott síðustu tvö árin. Árgangar eru vel dreifðir um vatnasvæðið og eru þeir stærri en flest undanfarin ár. Efsti hluti Vatnsdalsár, fyrir ofan stiga, og kaflinn á milli Litlu Hlíðar og Forsæludals hefur verið vel setinn seiðum síðustu ár og verið að skila af sér miklu af náttúrulegum gönguseiðum miðað við árin áður en skipt var um veðifyrirkomulag í ánni. Seiðabúskapur um miðbik árinna er ágætur nú en hefur þó verið köflóttur undanfarin ár og svæðið fyrir neðan Flóðið í lægð hvað seiðauppeldi varðar. Kann þar ýmislegt að koma til, svo sem hár vatnshiti í Flóðinu á hlýjum sumrum og svo mikið magn vatnaflóka á Skriðuvaðinu. Um miðbik árinna hefur áin nokkuð verið að breyta sér gegnum árin þannig að góð búsvæði seiða hafa spillst en önnur komið í staðinn. Þannig er botngerð og búsvæði fyrir seiði nú lakari á kaflanum við ármót Álku og Vatnsdalsár (staður 5) og fyrir ofan Hof (staður 8) en þau voru fyrir 1998 (þau ár sem athuganir fóru fram frá 1984). Aftur á móti hafa skilyrði batnað aftur á árkaflanum á móts við Gilá. Til að staðla samanburð á milli ára sem mest er alltaf veitt á sömu stöðum ár frá ári í seiðarannsóknunum. Ár eru þó alltaf að breyta sér og búsvæði geta

því bæði slaknað og batnað. Mikilvægt er að staðla úttektir með þessum hætti, að veiða á sömu stöðum, en jafnframt að vera meðvitaður um umhverfisþátt sem þennan og hvernig hann getur haft áhrif á niðurstöður.

Gríðarlega mikið veiddist af vorgömlum laxaseiðum á Skriðuvaðinu sumarið 2005 en minna af öðrum árgöngum. Þessi mikla nýliðun gefur þó góð fyrirheit um að svæðið sé að ná sér upp aftur sem eitt mikilvægasta uppeldissvæði laxaseiða á vatnasvæðinu.

Álka

Mikil ganga hefur verið af laxaseiðum úr Álku vorið 2005 líkt og gerðist árið 2003. Ekki hefur mælst svo mikið af stórum laxaseiðum (2+) í Álku eins og sumarið 2004, heldur minna reyndist af stærri laxaseiðum sumarið 2005, en aftur á móti stór árgangur eins árs seiða. Þess má vænta að sá stóri árgangur gangi til sjávar vorið 2007. Það virðast því skiptast á stórir og smærri árgangar laxaseiða í Álku undanfarin ár, að á eftir hverjum stórum árgangi komi annar minni.

Vaglakvísl, Hólkotskvísl og Tunguá

Í Vaglakvísl hefur orðið hrygning öll árin 2002-2004, mest árið 2003. Búast má við því að einnig hafi orðið hrygning í kvíslinni haustið 2005 vegna mikillar laxgengdar á vatnasvæðið síðastliðið sumar. Von er á fyrstu stóru göngu náttúrulegra laxaseiða úr Vaglakvísl til sjávar sumarið 2006.

Í Hólkotskvísl hefur einnig orðið hrygning haustin 2002 og 2003 en ekki fundust vorgömul seiði í henni sumarið 2005, svo óvíst er um hrygningu þar 2004. Vart varð við fullorðna laxa fyrir neðan neðsta ófiskgenga foss í Hólkotskvísl þegar rannsóknir fóru fram sumarið 2005. Árgangar laxaseiða í kvíslinni frá 2002 og 2003 virtust framan af nokkuð stórir en minna veiddist af þeim árgöngum sumarið 2005. Það gæti komið til af tvennu; annarsvegar að seiðin hafi dreift sér meira um ána, eða að talsverð afföll hafi orðið veturinn 2004/2005. Vöxtur laxaseiða hefur reynst nokkuð hraðari í Hólkotskvísl en Vaglakvísl en þau virðast þó þrífast vel á báðum stöðum.

Mjög mikið veiddist af laxaseiðum í Tunguá sumarið 2005 og mun meira en flest þau ár sem rannsóknir hafa farið þar fram. Talsvert hefur gengið af út af laxaseiðum úr ánni vorið 2005 og gera má ráð fyrir enn stærri göngu seiða sumarið 2006.

Allt frá árinu 1984 hafa farið fram rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Vatnsdalsár. Það er aðeins hin síðustu ár sem hrygningar verður vart í þessum hluta vatnasvæðisins og það í svo vatnslitlum ám eins og Vaglakvísl og Hólkotskvísl.

Kornsá

Kornsá var vel setin seiðum sumarið 2005. Meira mældist af seiðum en mörg undanfarin ár. Nokkur ganga hefur verið úr Kornsá vorið 2005 og verður væntanlega einnig sumarið 2006.

Hlutdeild annarra tegunda en laxfiska í vistsamfélögum á vatnasvæðinu

Ástæða er til að gefa öðrum fisktegundum á svæðinu en laxfiskum gaum. Mikið er af hornsílum á neðri hluta vatnasvæðisins, ekki síst í Flóðinu og fyrir neðan Skriðuvaðið. Þá eru tjarnir og önnur vötn þéttsetin sílum. Samanlögð lífþyngd þeirra á ákveðnum svæðum getur verið umtalsverð og meiri en annarra tegunda. Það er því nokkur skörun á milli tegunda í búsvæðum og auðlindanýtingu. Mest er skörun á milli bleikjuseiða og urriðaseiða annarsvegar og hornsíla hins vegar. Ein tegund til skiptir nokkru máli í vistsamfélögum á neðri hluta vatnasvæðisins og í vötnum og tjörnum, það er állinn, en nokkuð er um hann í Vatnsdal. Þó að skörun hornsíla eða ála við laxaseiði sé minni þá er hún samt talsverð á ákveðnum svæðum, eins og á Skriðuvaðinu þar sem fjöldi hornsíla virðist standa í öfugu hlutfalli við fjölda laxaseiða. Ekki hefur sést eins mikið af hornsílum á Skriðuvaðinu og þegar fjöldi laxaseiða var þar í lágmarki.

Búast má við því að enn ein fisktegundin taki sér bólfestu neðst á vatnasvæðinu og í Húnavatni á næstu árum. Það er ósalúran, kolategund sem hrygnir í sjó en elst að stórum hluta upp á ósasvæðum og í neðri hluta ferskvatnskerfa. Þessi tegund sást fyrst við Ísland svo vitað sé 1999 og voru þá taldir flækingar frá Færeyjum. Fyrstu seiði ósalúru við Íslandsstrendur fundust svo samhliða álarannsóknum sumarið 2001. Í fyrstu var tegundin bundin við sunnanvert og suðvestanvert landið en hefur verið að breiðast hratt út síðustu 5 árin og varð í fyrsta skipti vart í Norðurfirði á Ströndum sumarið 2005. Það er því mjög líklegt að þessi kolategund muni mjög fljótlega setja sterkan svip á vistsamfélög í neðri hluta áa og vatna þar sem sjávarfalla gætir líkt og í Húnavatni og neðri hluta Vatnsdalsár. Hætt er við að áhrifin á aðrar fisktegundir á svæðinu verði neikvæð, ekki síst fyrir bleikjuna sem hvað mest er að nýta sér sömu

svæði. Ástæða er til að fylgjast sérstaklega með væntanlegri innkomu þessarar tegundar og hvaða áhrif hún mun hafa á aðrar fisktegundir og vistkerfið í heild sinni.

Almenn umræða

Á heildina litið er ástand laxastofna á vatnasvæði Vatnsdalsár einstaklega gott. Vöxtur seiða er mjög góður í ánni þrátt fyrir aukinn þéttleika. Ferskvatnsdvöl seiða hefur styst um allt að eitt ár í ánni, sem þýðir meiri burðargetu og skemmra kynslóðabil. Gott árferði síðustu ár hefur haft sitt að segja fyrir bættan vöxt seiða. Góð ganga laxaseiða hefur verið úr ánni síðustu árin og flest bendir til þess að svo verði áfram 2006 og 2007.

Bleikja virðist á tímabundnu undanhaldi á vatnasvæðinu og sést það bæði í seiðarannsóknnum og í veiði. Urriði og sjóbirtingur eru aftur á móti í mikilli sókn. Urriðaseiði eru útbreiddari um ána en áður og veiði hefur aukist.

Mjög hefur verið horft til Vatnsdalsár undanfarin ár og hvernig “veiða - sleppa” veiðifyrirkomulagið muni reynast til lengdar fyrir veiði og seiðastofna árinna. Vatnsdalsá er fyrsta áin héraendis þar sem alfarið var farið út í þetta veiðifyrirkomulag. Hér er því bæði um mikilvæga tilraun og frumkvöðlastarf að ræða. Þegar veiða - sleppa var tekið upp voru laxastofnar árinna í mikilli lægð og seiðastofnar þunnskipaðir. Það að öllum löxum var sleppt aftur í ána gerði fyrstu árin ekki mikið meira en að tryggja að svipuð hrygning yrði í ánni og áður. Í ljósi ástands laxastofna árinna þegar skipt var um veiðifyrirkomulag er margt sem bendir til þess að ótakmörkuð sókn með eldra veiðifyrirkomulagi hefði getað haft alvarlegar afleiðingar. Hrygningarstofn Vatnsdalsár var lítill á þessum tíma og veiði úr honum því til þess fallin að draga úr æskilegri nýliðun. Nú er staðan breytt, stórar laxagöngur hafa komið í Vatnsdalsá árin 2004 og 2005 og útlit er fyrir að ekki verði breyting á sumarið 2006. Áin er þéttsetin seiðum sem þó dafna vel og hrygningarstofnar Vatnsdalsár eru stórir. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með framvindu mála í Vatnsdalsá næstu árin. Heilt yfir virðist ljóst að veiða - sleppa veiðifyrirkomulagið hafi gefist vel í Vatnsdalsá og að það hafi verið tekið upp á hárréttum tíma.

Report on the status of Atlantic salmon in River Vatnsdalsá – English summary

A research project aimed at studying the population dynamics of salmon in River Vatnsdalsá has been ongoing for the last 25 years. A vital part of the study is monitoring of recruitment, juvenile production and year class strength of the salmon stocks. Results from research in 2004 and 2005 indicate continued improvement in the status of juvenile populations in the river, and among the best ever observed. Juvenile year classes are strong throughout the river system and their distribution indicates that spawning is widespread. In the last years, salmon are for the first time found to be spawning in small tributary streams like Hólkotskvísl and Vaglakvísl. Despite high density of juvenile salmon in Vatnsdalsá, they experience fast growth and are smolting almost year earlier than they have been doing on average in the last 25 years. Favourable environmental conditions explain this increased growth to some extent. The number of recruiting smolts has been increasing in the river after previous recession for few years. The last three years have been especially productive, and the same can be expected for the years 2006 and 2007.

Arctic charr populations appear to be on the decline in the river system. However, brown trout is increasing in population size. These changes in arctic charr and brown trout stocks can already be felt in the rod fishery, with trout replacing the charr.

The pioneering work in River Vatnsdalsá with the implementation of “catch and release” fishing has drawn great attention as this was the first salmon river in Iceland where this fishing method was put to full practice. There were both negative and positive speculations on the effects of “catch and release” on population dynamics in the juvenile populations and future salmon catches. The experience so far is very good. The method was implemented in Vatnsdalsá as the salmon stock was at record low level, with limited recruitment throughout the river system. Thus in the first years catch and release did little more than maintain previous levels of juvenile recruitment in the river. However, without such dramatic reduction in harvest levels, the salmon stocks may have taken longer time to recover to their present status.

There are few indications that the numbers of multisea winter salmon (salmon spending two or more years in seawater) will increase in the near future in Vatnsdalsá rather than other Icelandic rivers. There are however, some signs of environmental changes at sea that might favour large salmon again in the next years. We can only remain optimistic and make sure we protect the genetic integrity of our salmon stocks. The fishing method, “catch and release” employed in the River Vatnsdalsá since 1997, acts to protect the genetic basis of these life history characteristics for the future.

The situation in Vatnsdalsá is changed. There were good salmon runs in the years 2004 and 2005, and it is expected to be the same in the year 2006. Juvenile year classes are healthy and strong again, we have large spawning stocks, and it appears that “catch and release” fishing was implemented at the right time for River Vatnsdalsá.

Bjarni Jónsson
Divisional director
Institute of Freshwater Fisheries, Northern Division

1. June 2006

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2005.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	150	3,33	11,33	4,00	4,00	
Vatnsdalsá-staður 2	196	5,10	8,67	6,12	1,02	
Vatnsdalsá-staður 3	180	2,22	14,44	11,11	1,67	
Vatnsdalsá-staður 5	182		2,75	0,55		
Vatnsdalsá-staður 7	232		7,33	0,43	0,43	
Vatnsdalsá-staður 8	432	0,69				
Vatnsdalsá-staður 9	280	47,86	3,93	1,07	0,36	
Álka-staður B	600					
Álka-staður 2	200	1,00	5,50	3,00	0,50	
Álka-staður 3	175	1,14	14,29	2,86	2,86	
Hólkotskvísl-staður 3	208					
Hólkotskvísl-staður 5	150		0,67	0,67		0,67
Vaglakvísl-staður 3	120		6,67	7,50	3,33	
Tunguá-staður 2	160	8,75	7,50	1,25	1,88	
Kornsá-staður 4	189	3,70	10,05	2,12		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2005.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	150	0,67		0,67		
Vatnsdalsá-staður 2	196					
Vatnsdalsá-staður 3	180		0,56			
Vatnsdalsá-staður 5	182					
Vatnsdalsá-staður 7	232	6,90	0,43			
Vatnsdalsá-staður 8	432	0,46				
Vatnsdalsá-staður 9	280					
Álka-staður B	600					
Álka-staður 2	200					
Álka-staður 3	175		0,57	0,57		
Hólkotskvísl-staður 3	208					
Hólkotskvísl-staður 5	150					
Vaglakvísl-staður 3	120					
Tunguá-staður 2	160					
Kornsá-staður 4	189	0,53				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2005.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	150				
Vatnsdalsá-staður 2	196				
Vatnsdalsá-staður 3	180	1,11	2,78	1,11	1,11
Vatnsdalsá-staður 5	182	1,10		0,55	
Vatnsdalsá-staður 7	232	0,86			
Vatnsdalsá-staður 8	432	1,16			
Vatnsdalsá-staður 9	280				
Álka-staður B	600				
Álka-staður 2	200				
Álka-staður 3	175				
Hólkotskvísl-staður 3	208				
Hólkotskvísl-staður 5	150				
Vaglaskvísl-staður 3	120	9,17	0,83	4,17	
Tunguá-staður 2	160	5,00	0,63	0,63	
Kornsá-staður 4	189	7,41	1,06	1,59	

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2005.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	4,82	0,13	5	8,04	0,55	17	11,27	0,29	6	12,65	0,54	6			
Vatnsdalsá-st. 2	4,19	0,25	11	7,19	0,52	17	10,23	0,65	12	13,10	0,42	2			
Vatnsdalsá-st. 3	3,83	0,24	4	7,15	0,60	26	10,10	0,54	20	11,77	0,29	3			
Vatnsdalsá-st. 5				8,32	0,66	5	10,00		1						
Vatnsdalsá-st. 7				7,41	0,53	17	9,70		1	11,80		1			
Vatnsdalsá-st. 8	4,10	0,17	3												
Vatnsdalsá-st. 9	4,34	0,43	134	8,74	0,42	11	10,23	0,68	3	12,40		1			
Álka-staður B															
Álka-staður 2	4,35		2	8,09	0,53	11	11,42	0,56	6	13,10		1			
Álka-staður 3	4,40		2	8,07	0,64	25	10,80	0,29	5	12,26	0,34	5			
Hólkotskvísl-st. 3															
Hólkotskvísl-st. 5				9,30		1	11,40		1				15,80		1
Vaglakvísl-st. 3				7,73	0,85	8	10,86	0,58	9	12,98	0,65	4			
Tunguá-staður 2	4,09	0,27	14	7,04	0,50	12	9,15		2	12,37	0,96	3			
Kornsá-staður 4	3,79	0,34	7	7,39	0,52	19	10,50	0,71	4						
Samtals	4,29	0,43	182	7,66	0,75	169	10,49	0,74	70	12,50	0,63	26	15,80		1

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2005.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,16	0,21	5	5,45	1,10	17	15,15	0,70	6	21,33	2,56	6			
Vatnsdalsá-st. 2	0,76	0,13	11	4,06	0,78	17	11,74	2,06	12	25,15		2			
Vatnsdalsá-st. 3	0,53	0,15	4	3,82	1,04	26	10,76	1,60	20	16,27	1,00	3			
Vatnsdalsá-st. 5				6,24	1,26	5	10,20		1						
Vatnsdalsá-st. 7				4,12	0,85	17	10,80		1	17,40		1			
Vatnsdalsá-st. 8	0,70	0,10	3												
Vatnsdalsá-st. 9	0,94	0,20	16	7,18	0,85	11	11,80	2,79	3	22,70		1			
Álka-staður B															
Álka-staður 2	0,90		2	5,69	1,09	11	15,95	1,27	6	24,40		1			
Álka-staður 3	0,90		2	5,53	1,29	24	13,08	0,69	5	19,30	2,15	5			
Hólkotskvísl-st. 3															
Hólkotskvísl-st. 5				9,20		1	16,70		1				49,50		1
Vaglakvísl-st. 3				5,40	1,87	8	13,82	2,23	9	23,88	3,23	4			
Tunguá-staður 2	0,71	0,17	14	3,73	0,75	12	8,25		2	20,23	4,10	3			
Kornsá-staður 4	0,56	0,19	7	3,99	0,84	19	11,78	2,37	4						
Samtals	0,79	0,24	64	4,82	1,48	168	12,42	2,54	70	20,93	3,55	26	49,5		1

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,03	0,15	5	1,04	0,10	17	1,06	0,06	6	1,05	0,03	6			
Vatnsdalsá-st. 2	1,03	0,05	11	1,08	0,03	17	1,09	0,06	12	1,11		2			
Vatnsdalsá-st. 3	0,92	0,16	4	1,02	0,05	26	1,04	0,05	20	1,00	0,03	3			
Vatnsdalsá-st. 5				1,07	0,04	5	1,02		1						
Vatnsdalsá-st. 7				1,00	0,04	17	1,18		1	1,06		1			
Vatnsdalsá-st. 8	1,01	0,07	3												
Vatnsdalsá-st. 9	1,07	0,12	16	1,07	0,05	11	1,09	0,04	3	1,19		1			
Álka-staður B															
Álka-staður 2	1,09		2	1,06	0,05	11	1,07	0,09	6	1,09		1			
Álka-staður 3	1,06		2	1,05	0,04	24	1,04	0,07	5	1,04	0,05	5			
Hólkotskvísl-st. 3															
Hólkotskvísl-st. 5				1,14		1	1,13		1				1,25		1
Vaglakovísl-st. 3				1,14	0,04	8	1,07	0,05	9	1,09	0,04	4			
Tunguá-staður 2	1,02	0,18	14	1,06	0,04	12	1,07		2	1,06	0,05	3			
Kornsá-staður 4	1,00	0,14	7	0,98	0,07	19	1,01	0,04	4						
Samtals	1,03	0,13	64	1,04	0,07	168	1,06	0,06	70	1,06	0,05	26	1,25		1

Tafla 7: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2005.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	5,20		1				11,60		1
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3				8,40		1			
Vatnsdalsá-st. 5									
Vatnsdalsá-st. 7	4,79	0,38	16	8,50		1			
Vatnsdalsá-st. 8	5,15		2						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður B									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				10,10		1	11,00		1
Hólkotskvísl-st. 3									
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4	5,40		1						
Samtals	4,88	0,39	20	9,00	0,95	3	11,30		2

Tafla 8: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2005.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,10		1				15,00		1
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3				5,00		1			
Vatnsdalsá-st. 5									
Vatnsdalsá-st. 7	0,97	0,24	16	5,50		1			
Vatnsdalsá-st. 8	1,15		2						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður B									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				9,10		1	11,80		1
Hólkotskvísl-st. 3									
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4	1,20		1						
Samtals	1,01	0,22	20	6,53	2,24	3	13,40		2

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	0,78		1				0,96		1
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3				0,84		1			
Vatnsdalsá-st. 5									
Vatnsdalsá-st. 7	0,87	0,07	16	0,90		1			
Vatnsdalsá-st. 8	0,84		2						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður B									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				0,88		1	0,89		1
Hólkotskvísl-st. 3									
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4	0,76		1						
Samtals	0,85	0,07	20	0,87	0,03	3	0,92		2

Tafla 10: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2005.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	5,10		2	9,02	0,58	6	10,40		1	11,60		2
Vatnsdalsá-st. 5	5,10		2				10,50		1			
Vatnsdalsá-st. 7	4,80		2									
Vatnsdalsá-st. 8	4,42	0,08	5									
Vatnsdalsá-st. 9												
Álka-staður B												
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglaskvísl-st. 3	4,92	0,39	11	9,00		1	10,02	0,65	5			
Tunguá-staður 2	4,99	0,42	8	8,90		1	9,50		1			
Kornsá-staður 4	4,81	0,49	14	8,90		2	9,67	0,29	3			
Samtals	4,85	0,43	44	8,98	0,46	10	9,95	0,53	11	11,60		2

Tafla 11: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2005.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	1,35		2	8,12	1,43	6	12,90		1	17,05		2
Vatnsdalsá-st. 5	1,40		2				12,30		1			
Vatnsdalsá-st. 7	1,15		2									
Vatnsdalsá-st. 8	0,88	0,04	5									
Vatnsdalsá-st. 9												
Álka-staður B												
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3	1,35	0,41	11	8,40		1	11,92	2,59	5			
Tunguá-staður 2	1,43	0,38	8	7,70		1	9,40		1			
Kornsá-staður 4	1,21	0,41	14	7,40		2	9,80	0,72	3			
Samtals	1,26	0,39	44	7,96	1,18	10	11,24	2,09	11	17,05		2

Tafla 12: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	1,01		2	1,10	0,03	6	1,15		1	1,09		2
Vatnsdalsá-st. 5	1,02		2				1,06		1			
Vatnsdalsá-st. 7	1,02		2									
Vatnsdalsá-st. 8	1,02	0,10	5									
Vatnsdalsá-st. 9												
Álka-staður B												
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3	1,11	0,09	11	1,15		1	1,17	0,05	5			
Tunguá-staður 2	1,12	0,07	8	1,09		1	1,10		1			
Kornsá-staður 4	1,06	0,08	14	1,05		2	1,08	0,03	3			
Samtals	1,07	0,09	44	1,09	0,04	10	1,13	0,06	11	1,09		2

Tafla 13: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Vatnsdalsá-st. 1	3,9	61,8	60,6	85,3		211,6
Vatnsdalsá-st. 2	3,9	35,3	71,9	25,7		136,7
Vatnsdalsá-st. 3	1,2	55,1	119,5	27,1		202,9
Vatnsdalsá-st. 5		17,1	5,6			22,7
Vatnsdalsá-st. 7		30,2	4,7	7,5		42,4
Vatnsdalsá-st. 8	0,5					0,5
